

Handbók fyrir foreldra



**VESTURBERG**

Júní 2017

## Kæru foreldrar og forráðamenn!

Innilega velkomin með börnin ykkar hingað í Vesturberg. Við leggjum mikla áherslu á að börnunum ykkar líði vel hér í Vesturbergi og ekki síður að ykkur líði vel með að koma með þau til okkar. Okkar trú er að börnum finnist gaman að vera í Vesturbergi og tökum undir þær rannsóknir sem benda á að börn læri mest í gegnum leikinn því á hann leggjum við mestu áhersluna. Góð samskipti á milli leikskóla og heimila er mikilvægur þáttur í vellíðan barna og hvetjum við ykkur til að hafa samband við okkur ef eitthvað er. Handbókin er til að foreldrar getið betur tekið þátt í aðlögun, starfi og upplifun barnsins. Handbók þessi er ætluð foreldrum til upplýsinga um námið í Vesturbergi og er órjúfanlega einn hluti af námskrá leikskólans. Hinn hluti námskrárinnar er ítarlegri og tekur mið af aðalnámskrá leikskóla sem gefin var út 2011 og eru grunnþættir menntunar mátaðir á svæði leikskólans.

Brynja Aðalbergsdóttir, leikskólastjóri.

## Vesturberg

### -sagan

Stefna Vesturbergs hefur verið sú sama frá upphafi, svæðaskipting eða opinn leikskóli er leiðarljós leikskólans. Litið er á frjálsa leikinn sem rauða þráðinn í starfi skólans. Fyrirmynd leikskólans er dönsk og er upphafsmaður hennar Hulda Ólafsdóttir fyrrverandi leikskólastjóri Vesturbergs. Vesturberg er aldursblandaður leikskóli þar sem börn frá tveggja til sex ára eru saman á heimastofum.

### -húsnæði

Vesturberg opnar, við Vesturbraut 13 í gömlu íbúðarhúsi þann 18. júní 1997 og var vígður 27. júní sama ár. Árið 2007 var hafist handa við byggingu nýs húss á lóð bakatil við Vesturbraut 15. Flutt var í nýtt og glæsilegt hús í júní 2008 og var formleg vígsla hússins þann 28. ágúst 2008. Í millitíðinni eða frá 6. nóvember 2006 var opnuð laus kennslustofa sem nefnd var Skálinn og rúmaði um það bil tuttugu börn. Skálinn og Vesturbraut 13 voru lögð niður sem húsnæði leikskólans þegar nýtt hús komst í gagnið. Húsnæði leikskólans er 757 fermetrar og skiptast í fjórar heimastofur þar sem börn frá tveggja til sex ára eru saman. Við flutning í nýtt hús voru heimastofur aldurskiptar en eftir rúmt ár var blöndun aldurs sett á þar sem aldurskipting samræmdist ekki hugmyndafræði Vesturbergs.

### -lokanir

Reglulega er lokað yfir árið í Vesturbergi vegna skipulagsdags kennara. Yfir sumartímann er lokað í fimm vikur vegna sumarleyfa starfsmanna. Tímabil sumarlokunnar er auglýst um leið og ákvörðun liggur fyrir hjá bæjaryfirvöldum. Lokað er á aðfangadag og gamlársdag.

### **-stöðuhlutfall og fjöldi barna**

Í Vesturbergi eru að meðaltali 92-94 börn er dvelja samtímis. Áætlaður fjöldi starfsmanna fer eftir samsetningu barnahópsins með tilliti til sérþarfa og aldurs.

### **-heimasíða**

Heimasíða er rekin af leikskólanum Vesturbergi og er slóðin [www.vesturberg.is](http://www.vesturberg.is) þar koma fram fréttir, matseðlar, yfirlit yfir kennara skólans, viðburðardagatal og myndabanki, ásamt fleiru sem við á. Deildarstjórar senda reglulega tölvupóst til foreldra sem er ígildi fréttabréfa. Stofnuð var Facebook síða þar sem foreldrar og aðrir velunnarar geta „lækað“ við og fylgst með bæði atburðum og auglýsingum. Einnig eru heimastofur með lokaða hópa á Facebook þar sem tilkynningar og þess háttar er birt. Foreldrar hafa gefið leyfi um að í lagi er að birta myndir af börnum þeirra. Ekki verða birtar myndir af þeim börnum þar sem foreldrar samþykkja ekki.

### **- markmið náms í Vesturbergi**

Allar rannsóknir á leiknum sem gerðar hafa verið undanfarin ár, sýna svo ekki verður um villst að börn verða að fá að leika sér. Það er í gegnum leikinn sem börnin læra, þroska og þjálfa hæfileika sína.

Þegar námsstefna Vesturbergs var ákveðin var virðing fyrir frjálsum sjálfsprottum leik barna lögð til grundvallar í öllu námi leikskólans. Allt skipulag sem kæmi í veg fyrir að börnin næðu að lifa sig inn í leikinn skyldi vera í lágmarki. Auk þess var lagt upp með að trúa á barnið sem getumikinn einstakling, færan um að taka sjálfstæðar ákvarðanir og því ákveðið að börnin skyldu sjálf fá að ráða sem mestu um hvernig þau nýttu tíma sinn í leikskólanum. Þá var einnig höfð að leiðarljósi þörf barnanna fyrir ást, öryggi, hlýju og viðurkenningu hins fullorðna. Leikskólinn skyldi því vera öruggur, hlýlegur, skemmtilegur og örvandi vinnustaður sem vekti hjá börnunum gleði, forvitni og frumkvæði auk þess að efla sjálfstæði þeirra og sjálfsmýnd.

### **-sjálfsákvörðunarrétturinn**

Í Vesturbergi er sjálfsákvörðunarréttur barna virtur. Við lítum svo á að sjálfsákvörðun felist í viljanum til að vera sjálfstæður, að geta staðið óháður öðrum börnum, umhverfi sínu og þeim fullorðnu. Við teljum að sjálfsákvörðun sé þróun sem stendur allt lífið. Hér í Vesturbergi viljum við ýta undir sjálfstæði barnanna, bæta sjálfsmýnd þeirra og leyfa þeim að taka ákvarðanir um hvað þau vilja gera í leikskólanum. Þó að börnin ráðstafi tíma sínum sjálf í leikskólanum þá er þeim gert að fara eftir þeim reglum er ríkja í Vesturbergi.

### **-svæðaskipulagið**

Vesturberg er opinn leikskóli þar sem rými barnanna er sameiginlegt. Leikskólanum hefur verið skipt upp í svæði frá upphafi. Svæðin hafa hvert um sig ákveðin uppeldisleg markmið. Börnin fara frjálst um húsið en starfsfólkið á fasta viðveru á svæðunum viku í senn. Starfsfólk má ekki yfirgefa svæðið sitt nema að fá annan starfsmann til að leysa sig af, það ber ábyrgð á sinu svæði og enginn annar. Starfsfólkið leggur áherslu á að vera til staðar fyrir börnin, lætur þau hafa sem mest frumkvæði að gjörðum sínum, veitir hjálp sé um hana beðið en áherslan er á að hjálpa börnunum til sjálfshjálpar. Grunnþættir og námsþættir aðalnámskrár leikskóla frá árinu 2011 er höfð til hliðsjónar á öllum svæðum leikskólans líkt

og kemur fram hér að aftan. Á öllum svæðum Vesturbergs ber að örva málþroska til dæmis með því að telja, syngja, fara með þulur eða spjalla saman um lífið og tilveruna. Kennari skal ætíð koma fram af virðingu við börnin, hlusta af athygli og af áhuga á það sem þau segja. Ef kennari gerir eitthvað fyrir barn sem það gæti gert sjálf þá heldur hann aftur af þroska þess. Starfsfólki ber að vera góð fyrirmynd á svæðinu.

Markmið svæðaskipulagsins er m.a.:

- . Að sjá til þess að hver einstaklingur njóti sín á eigin forsendum.
- . Að sjá til þess að börnin fái frið í leik.
- . Að efla frumkvæði, sköpunarþörf og ímyndunarafli barnanna.
- . Að skapa skilyrði til að börnin geti ræktað vináttu við önnur börn og við starfsfólk leikskólans.
- . Að hvetja börnin til að vinna saman.
- . Að auka einbeitingu barnanna með því að brjóta ekki í sífellu upp leik þeirra og starf með skipulagi sem þau fá engu ráðið um.

## Dagskipulag

### -matartímar

Morgunmat er í boði í tvo tíma í senn, frá kl. 8.00-9.45, boðið er upp á hafragraut fjóra daga vikunnar og upp á morgunkorn einu sinni í viku. Sama á við um síðdegishressingu, hún er í boði frá kl. 14.00 og stendur í tæpa tvo tíma. Morgunmat og síðdegishressing er í umsjón eins kennara sem skráir hjá sér þau börn sem hafa snætt. Lögð er áhersla á sjálfshjálpi og að börnin njóti matarins í ró og næði á þeim tíma sem þau þurfa, merkt er við hvert barn til að tryggja það að allir borði morgunmat og síðdegishressingu. Hádegismatur er borin fram kl. 11.30 og er eldaður á staðnum. Sömu börn og sami kennari sitja við sama borð allan veturinn og njóta matarins.

### -hvíld og svefn

Öll börn í Vesturbergi fara í hvíld að loknum hádegisverði. Slökun og hvíld teljum við mikilvægan þátt í okkar starfi þar sem mikið áreiti er yfir daginn. Hvíld og slökun brýtur daginn upp þar sem börn og kennarar endurnýja orku sína með góðri hvíld. Yngri börn leikskólans sofna og fá til þess næði eins og þau þurfa. Eldri börn hvíla sig einnig og er tíminn nýttur í hlustun og rólegheit.

### -útivera og innivera

Í Vesturbergi er útisvæði eitt af þeim svæðum sem börnin hafa aðgang að. Börnunum er skylt að fara á útisvæði að minnsta kosti einu sinni á dag ef veður og aðstæður leyfa og eru hvött til að fara oft. Innivera er leyfileg eftir þörfum og er það foreldra að meta hvort börn þurfi inniveru en um leið bendum við á að það er afar hollt að vera utandyra og drekka í sig ferska loftið. Innivera fyrirbyggir ekki veikindi barna.

### **-hátíðir og hefðir**

Ýmsar hefðir hafa myndast í gegnum árin í Vesturbergi. Einu sinni í mánuði er haldinn fagnaðarfundur og er misjafnt hvað er á dagskrá hverju sinni. Í janúar er þorablót, í nóvember er Dagur íslenskrar tungu í desember er jólahátíð svo eitthvað sé nefnt.

## **Heilsustefna Vesturbergs**

### **-barnið**

Í Vesturbergi ber starfsmönnum að sýna öllum umhyggju, fyrst og fremst börnum skólans en einnig samstarfsfólki og foreldrum. Umhyggja er alltaf, allsstaðar. Lögð er áhersla á persónulega umhirðu og eru börnin hvött til sjálfshjálpar sem eykur vellíðan og eflir jákvæða sjálfsmynd barna. Öll börn leikskólans fara á salerni og þvo hendur sínar fyrir hádegismat með leiðsögn kennara.

### **-hreyfing**

Mikil áhersla er lögð á hreyfingu í Vesturbergi og er öll aðstaða til hreyfingar til fyrirmyndar og mjög góð bæði innan og utandyra. Í Kiddasal hafa börnin aðgang að hreyfisal alla daga vikunnar og hafa möguleika á að þróa hreyfifærni sína og samskipti.

### **-útivera**

Ögrandi og krefjandi útivist er við lýði í Vesturbergi, stórt og gott útisvæði er til staðar sem býður upp á mörg tækifæri einnig býður nærumhverfi leikskólans upp á afar fjölbreytta útivist.

### **-næring**

Rekið er gott leikskólamötuneyti þar sem börnunum er boðið uppá heilsusamlegan og fjölbreyttan mat og drykk í samræmi við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar um hollt mataræði barna á aldrinum tveggja til sex ára. Börnin hafa góða aðstöðu í matartímum og gefinn er nægur tími til að borða.

Markmið okkar er að:

- . Nota handbók um leikskólamötuneyti frá Lýðheilsustöðinni
- . Hafa fisk tvisvar til þrisvar í viku
- . Fjölbreyttur matur
- . Nota ekki unnið hráefni
- . Bjóða upp á ávexti og/eða grænmeti tvisvar á dag
- . Bjóða uppá grænmeti með hádegismat
- . Bjóða sem oftast gróft brauð
- . Sjá til þess að drykkjarvatn sé aðgengilegt

Morgunmatur:

Hafragrautur er fjórum sinnum í viku og með honum eru alltaf einhverskonar val um ávexti. Cheerios og cornflakes með mjólk er í boði einu sinni í viku. Öll börn fá lýsi.

Nónhressing:

Heilhvítbrauð, (brauðin eru flest bökuð hér á staðnum og aðeins er notað gott hráefni), kjötálegg annað álegg eins og ostur, mysingur, egg, kæfa, gúrkur, tómatar, bananar. Mjólk og vatn er í boði með nónhressingu. Á föstudögum bjóðum við upp á ristað brauð.

### **-vettvangsferðir**

Leikskólinn Vesturberg er utarlega í vesturbæ Keflavíkur í Reykjanesbæ. Stutt er í smábátahöfnina í Gróf og út á Berg þar sem ótal ævintýri bíða eftir að verða til. Skessan í hellinum er okkar nágranni og stutt að heimsækja.

Nánasta umhverfi er nýtt til ferða af ýmsu tagi, Mánahestur Erlings Jónssonar er vinsæll áningarstaður og eins má nefna bátinn Baldur sem er áhugaverður staður að heimsækja.

Í þessum ferðum er mikil áhersla lögð á hvernig við eigum að hegða okkur í umferðinni. Við höfum líka reynt að tengja umhverfið, þeirri sagnahefð sem menning okkar er sprottin úr, með því að segja börnunum sögur um álfa, tröll og huldufólk.

### **-Pennahópur –elstu börnin**

Pennahópur er mjög merkilegur hópur að mati allra barna í leikskólanum, þau bíða spennt eftir að komast í Pennahóp. Elstu börn Vesturbergs eru saman fjóra daga vikunnar frá 9.30 til 13.00 og vinna að ýmsum verkefnum til dæmis að æfa stafi (hljóða og draga til stafs), nota Numicon stærðfræði-kubba, þau fara í Pakkhúsi í skapandi vinnu, í vettvangsferðir, í íþróttir og í heimsóknir í heimskólann Myllubakkaskóla. Lagt er kapp á að þau læri í gegnum leik í þessum tímum en einnig að þau fái innsýn í grunnskólanám. Þau borða í Stakk, Pakkhúsi og Kiddasal en hvíld eða róleg stund er einnig í Kiddasal. Pennahópur hefst að hausti við setningu Ljósanætur og líkur að vori með útskriftarferð í Vatnaskóg og útskriftarveislu í Kiddasal þar sem allir fá viðurkenningarskjal og blóm.

### **-Iða**

Iða er verkefni þar sem börnin fara frjálst um húsið en dýpra er farið í grunnþætti sem eru í Aðalnámskrá leikskóla. Þeir þættir sem eru í boði í Iðu eru stærðfræði, læsi, hreyfing, sköpun, vísindi og vettvangsferðir. Iða er afsprengi af Hringekju sem oft er notuð í grunnskólum.

### **-Hljómsveit**

Í Hljómsveitinni er næst elsti árgangur Vesturbergs og er lögð áhersla á hljóð og málvitund barnanna. Hist er tvisvar í viku unnið í hópum í leikskólanum og/eða farið í vettvangsferðir og jafnvel í bókasafn Reykjanesbæjar

## **Foreldrar**

### **-foreldraviðtöl**

Tvisvar á ári eru foreldraviðtöl í Vesturbergi. Í október er stutt viðtal þar sem tekin er staðan á börnunum en í apríl eru viðtölin itarlegri. Foreldrar skrá sig sjálfir á blað hjá deildarstjóra barns síns.

### **-foreldraráð –lög og fl.**

Samkvæmt lögum frá árinu 2008 eru leikskólum skylt að hafa foreldraráð innan vébanda skólans. Í Vesturbergi hefur starfað foreldraráð frá hausti 2008. Ráðið hittist reglulega yfir veturinn og fer yfir störf leikskólans. Auglýst er eftir foreldrum reglulega í ráðið.

### **-foreldrafélag**

Foreldrafélag Vesturbergs var stofnað 20. janúar 1998. Í stjórn foreldrafélags Vesturbergs sitja fimm fulltrúar foreldra auk eins fulltrúa starfsfólks. Foreldrar verða sjálfkrafa meðlimir foreldrafélagsins þegar barn byrjar í leikskólanum. Árgjaldið er greitt með gíröseðli einu sinni á ári. Foreldrar systkina greiða eitt gjald. Aðalfundur foreldrafélagsins er einu sinni á ári.

## **Aðlögun og fleira**

### **-aðlögun**

Engin ein aðferð er notuð við aðlögun barna og byggist að öllu leyti af barninu sjálfu, það fer eftir barninu hversu langa aðlögun það þarf. Samvinna foreldra og deildarstjóra er lykilatriði í aðlögun en búast má við einni viku að meðaltali.

### **-fatnaður**

Þegar komið er í leikskólann er best að hafa með sér tösku/poka og setja öll föt barnsins í þar til gert box og hengja í hólf. Allur fatnaður þarf að vera merktur. Nægur fatnaður þarf að fylgja hverju barni til útivistar í hvaða veðri sem er. Úlpa og snjóbuxur eða kuldagalli, regngalli, vettlingar, ullarsokkar, hlý peysa, stígvél og léttur fatnaður yfir sumartímann. Einnig er æskilegt að börn hafi með sér aukaföt í þar til gerð box eins og til dæmis sokka, buxur, nærföt og peysur.

### **-afmæli**

Í Vesturbergi eru afmæli barnanna haldin hátíðleg. Á afmælisdaginn er boðið til veislu í heimastofu og fær afmælisbarnið kórónu, gullstóll er sóttur og afmælisbarnið býður upp á popp, saltstangir eða ávexti, sunginn er afmælissöngurinn og fleira skemmtilegt.

### **-lestur**

Við minnum á mikilvægi þess að lesa fyrir börnin. Lestur eykur málþroska, eykur orðaforða og málskilning. Rannsóknir sýna að góður orðaforði hefur afar góð áhrif á barnið og hjálpar því með lestur. Í leikskólastarfinu eflum við málþroska barnanna með fjölbreyttum leiðum, m.a. í daglegum athöfnum, lestri, söng og ýmsum verkefnum. Við vinnum markvisst með bókina Lubbi finnur málbein sem ætluð er til málörvunar og hljóðanáms fyrir börn á aldrinum tveggja til sjö ára. Einnig vinnum við með efnið hennar Bryndísar Lærum og leikum með hljóðin. Við teljum að góð samvinna heimilis og skóla sé forsenda þess að börnunum gangi vel í leikskólanámi sínu, líði vel, öðlist gott sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd.

Mikilvægt er að foreldrar lesi daglega fyrir börn sín til að auka orðaforða þeirra. Í bókum er notað formlegra málfar og fjölbreyttari orð en við notum í talmáli okkar. Einnig er hægt að skoða og ræða um myndirnar, skoða ný orð og setja þau í samhengi við orð sem barnið þekkir. Ein góð leið er að hafa bækur aðgengilegar á heimilinu og jafnvel hafa með í bílnum svo barnið geti skoðað. Hljóðbækur til að

hlusta á í bílnum geta hentað börnum sem eiga erfitt með einbeitningu. Bókasafnið okkar er mjög gott og þar er hægt að fá lánaðar bækur fyrir börnin okkar frítt. Samræður við barnið skipta einnig miklu máli, hvort sem það eru umræður við matarborðið, tala um það sem fyrir augum ber t.d. í gönguferðum eða setja orð á athafnir. Rannsóknir sýna að börn læra frá 3 - 14 ný orð daglega og að seinkun í málþroska geti haft áhrif á námsárangur.

### **-reglur Reykjanesbæjar**

Boðið er upp á 4, 5, 6, 7 og 8 tíma vistun hjá Reykjanesbæ. Foreldrar/forráðamenn kaupa ákveðinn vistunartíma og ber að virða þann tíma, það er að koma ekki of snemma með barnið eða sækja það of seint miðað við umsaminn tíma. Fjöldi starfsmanna er áætlaður út frá fjölda barna og er gríðarlega mikilvægt að dvalartími barnanna sé virtur. Uppsagnarfræstur er einn mánuður. Greiðslur verða að berast mánaðarlega, skuldi foreldrar þrjá mánuði fellur leikskólavist niður og skuldin sett í innheimtu til lögfræðings.

### **Framtíðarsýn Vesturbergs/Reykjanesbæjar**

Læsi og stærðfræði eru áherslupættir í framtíðarsýn Vesturbergs. Í upphafi árs 2012 voru sett af stað tvö teymi er snúa að annars vegar læsi og hins vegar stærðfræði. Teymin nefnast Málfríður og Stórfriður og eru þrír kennarar í hvoru teymi og er markmið með þeim að halda utan um það efni, upplýsingar, námskeið og þess háttar er snýr að læsi eða stærðfræði. Allir kennarar hússins hafa aðgang að öllu því efni sem til er en kennarar teymanna miðla til annarra kennara á starfsmannafundum. Sú reynsla sem komin er, er afar jákvæð og teljum við að teymis vinnan sé komin til að vera. Aðaláhersla verður lögð á læsi og stærðfræði í hóp elstu barnanna og er stöðug þróunarvinna og endurmat í þeim hópi. Málfríður og Stórfriður leggja línurnar fyrir hvern mánuð sem dæmi má nefna að í september eru bókstafirnir í, s, i og o lagðir inn í mánuðinum en í stærðfræðinni eru hugtökin stór og lítill lögð inn.

Undanfarin ár hefur einn bókstafur verið lagður inn í hverri viku eftir aðferðum Helgu Sigurjónsdóttur og síðan unnið með hann á ýmsan veg. Náms efnið um Lubba sem finnur málbeinið er notað auk sköpunar og ýmissa annarra leiða. Með því að kynna einn bókstaf á viku vonumst við til að dýpka þekkingu barnsins til muna og að það nái til yngri barna leikskólans.

Sögurnar um *Bínu bálreiðu* sem Ásthildur Bj. Snorradóttir hefur samið eru notaðar markvisst og kemur Bína í heimsókn á heimastofur einu sinni í viku í brúðulíki og fer yfir góð boðskipti.

Áhersla er lögð á stærðfræði þar sem hugtök eru lögð inn eins og stór/lítill, breiður/mjór og unnið með í mánuð í senn auk þess er lögð áhersla á almennan talnaskilning.



## Starfsmenn í Vesturbergi

### Framnes

Anna Lýdía deildarstjóri, Bogga M., Aníta, Hulda Sif og Bríet Sif

### Keflavík

Sigurborg deildarstjóri, Eygló, Kristjana, Joyce og Sigríður

### Gróf

Hulda Rósa deildarstjóri, Olga Sif, Melanie og Lilja

### Vinaminni

Ragna Stína og Danijela deildarstjórar, Berglind, , Lovísa og Sara Ósk

### Sérkennsla

Magnea

### Pennahópur

Dóra og Dröfn

### Matráðar

Bogga S. og Helena

### Stjórnendur

Brynja leikskólastjóri og Dóra aðstoðarleikskólastjóri.